FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Lærdómsöld til fullveldis
Námsgrein:	íslenska
Viðfangsefni:	bókmenntasaga 1550-1900, lærdómsöld, raunsæi
Skammstöfun:	ÍSLE3LF05
Þrep:	3
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Fjallað verður um bókmenntasögu frá 1550 til 1900. Lesnir verða fjölbreyttir textar. Nemendur túlka þá og setja í samhengi við eigin reynslu og skoðanir. Hugtök í beyginga- og setningafræði dýpkuð og nemendur þjálfast í beitingu þeirra. Einnig þjálfast nemendur í samræðum um álitamál. Farið verður dýpra í heimildavinnu, heimildarýni og meðferð tilvitnana. Nemendur ná betri tökum að setja upp ritgerðir og ganga frá texta.
Forkröfur:	10 einingar í íslensku á hæfniþrepi 2
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • hugtökum varðandi sögu (tíma, sögusviði, boðskap o.fl.), ljóðstíl (myndmáli og stílbrögðum) og bragfræði • helstu stefnum og straumum frá 1550-1900 • helstu hugtökum málfræði og setningafræði • gildi rannsóknarspurningar • heimildavinnu og úrvinnslu tilvitnana
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • lesa fjölbreytta texta; svo sem fræðitexta, skáldsögu og ljóð • beita bókmenntahugtökum • tengja texta við ákveðin tímabil • beita hugtökum í málfræði til að móta eigin stíl • nota mismunandi málsnið • eiga samræður um álitamál • flytja erindi á áheyrilegan hátt • meta gildi og áreiðanleika heimilda (heimildarýni) • tengja tilvitnanir eigin umfjöllun og leggja út af þeim • setja upp ritgerðir og ganga frá texta
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • túlka dýpri merkingu texta og fært rök fyrir máli sínu • taka þátt í fordómalausum skoðanaskiptum, færa rök fyrir máli sínu og taka á mótrökum í ræðu og riti og bregðast við athugasemdum um eigin verk

	• skrifa margskonar texta með mismunandi málsniði á blæbrigðaríkan hátt og fylgja ritheðum • vera skapandi í skrifum sínum • meta og nota frumheimildir á viðurkenndan hátt
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.